

Ár 2012, þriðjudaginn 5. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

## Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Íslenskra orkurannsókna

### I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstjóri Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR) er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum, sbr. 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

### II.

Kjararáði barst bréf dagsett 7. október 2011 frá forstjóra ÍSOR. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurskoði launakjör forstjórans og færi þau til samræmis við launakjör forstjóra sambærilegra fyrirtækja. Fram kemur að frá því laun forstjóra hafi verið ákveðin á árinu 2003 hafi margt breyst, stofnunin hafi vaxið og dafnað, velta margfaldast og starfsmannafjöldi tvöfaldast. ÍSOR hafi stofnað hlutafélag í Chile ásamt verkfræðistofunni Verkís og eigi það að hálfu leyti. Það félag sjái um markaðsöflun og verkefni í Suður-Ameríku og hafi náð ágætum árangri. Í bréfinu kemur einnig fram að ÍSOR hafi tekist að standa hjálparlaust af sér áföll í kjölfar efnahagshrunsins meðal annars með öflugri markaðssókn í útlöndum og árangursríkum aðhaldsaðgerðum. Fjárhagur ÍSOR sé því traustur þrátt fyrir samdráttinn. Þessi árangur hafi ekki náðst fyrirhafnarlaust heldur krafistmikils af forstjóra.

Í bréfinu kemur fram að frá því kjararáð ákvað forstjóra ÍSOR laun hafi ráðið ákveðið launakjör fjölmargra forstöðumanna opinberra hlutafélaga sem að mörgu leyti líkist ÍSOR hvað starfsumhverfi varði. Flest þessi opinberu hlutafélög hafi þó, öndvert við ÍSOR, ýmist fasta tekjustofna eða fasta þjónustusamninga við ríkið sem geri rekstur þeirra öruggari. ÍSOR hafi hvorugt og sé að því leyti rekið á sama grunni og verkfræðistofur landsins. ÍSOR sé sjálfstæð B-hluta stofnun sem starfi eftir lögum nr. 86/2003. ÍSOR starfi algjörlega á samkeppnismarkaði og fá engar fjárveitingar úr ríkissjóði. Fimm manna ráðherraskipuð stjórn sé fyrir ÍSOR og ráði hún forstjóra. Í bréfinu er vísað til athugasemda með lagafrumvarpi því sem varð að lögum nr. 86/2003, en þar komi glöggt fram að ÍSOR sé ætlað að starfa á sama hátt og hlutafélag. Að mati forstjórans sé því eðlilegt að álykta að forstjóri ÍSOR hafi sambærilegu hlutverki að gegna og forstjóri hlutafélags. Launakjör forstjóra ÍSOR séu þó víðsfjarri launakjörum fyrirtækja með svipaðar starfsskyldur og ábyrgð. ÍSOR starfi á sviði orkumála og keppi við verkfræðistofur og orkufyrirtæki landsins um starfsfólk. ÍSOR sé mjög sérhæft rannsóknarfyrirtæki með mikla og eftirsóttá sérþekkingu.

Með bréfum dagsettum 13. október 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og stjórn ÍSOR kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstjóra ÍSOR, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 21. október 2011. Í bréfinu segir að fjármálaráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi ÍSOR hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör forstjórans að öðru leyti en fram komi í bréfi hans. Í bréfi stjórnar ÍSOR dagsettu 24. október 2011 segir að stjórnin telji mikilvægt að kjör forstjóra verði endurskoðuð og litið til sambærilegra fyrirtækja/stofnana sem og þess árangurs sem núverandi forstjóri hafi náð frá stofnun ÍSOR. Í bréfinu kemur fram að ÍSOR starfi á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og afli sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu, upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði sínu. Þetta þýði að allar

tekjur ÍSOR séu af útseldri vinnu og þiggi stofnunin ekkert framlag frá íslenska ríkinu. Fram kemur að stjórnin telur mikilvægt og sanngjarnt að laun forstjórans taki meðal annars mið af þeirri fjárhagslegu ábyrgð sem hann ber í slíku rekstrarumhverfi. Eðlilegt sé að taka mið af kjörum stjórnenda í opinberum hlutafélögum og í orkugeiranum við ákvörðun launa forstjóra ÍSOR. Í bréfi iðnaðarráðuneytis dagsettu 27. október 2011 segir að ÍSOR njóti talsverðrar sérstöðu sem ríkisstofnun. Hlutverk ÍSOR sé lögum samkvæmt að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 86/2003 skuli ÍSOR starfa á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og afla tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði sínu. ÍSOR fái því engar fjárveitingar úr ríkissjóði. Í bréfinu er vísað til greinargerðar með frumvarpi því sem varða að lögum nr. 86/2003, en þar komi fram að ÍSOR verði fjárhagslega sjálfstæð stofnun þar sem hún muni starfa á samkeppnismarkaði. Núverandi forstjóri hafi náð framúrskarandi árangri í starfi sínu. Velta stofnunarinnar hafi margfaldast og starfsmannafjöldi tvöfaldast, en starfsmenn séu nú 80. Starfi forstjóra ÍSOR fylgi mikið álag, ábyrgð og yfirvinna. Hvað varði starfsskyldur og ábyrgð megi, með vísan til sérstöðu meðal ríkisstofnana og lögbundinna verkefna ÍSOR, helst jafna starfi forstjórans við starf forstjóra hlutafélags eða verkfræðistofu. Að teknu tilliti til ábyrgðar, vinnuskyldu og álags sé full ástæða til að endurskoða launakjör forstjóra ÍSOR til samræmis við samskonar störf í atvinnulífinu.

Með bréfi dagsettu 1. nóvember 2011 fékk forstjóri ÍSOR send svör ráðuneytanna og stjórnar ÍSOR til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra.

Með bréfi forstjórans dagsettu 29. nóvember 2011 voru fyrri sjónarmið um endurskoðun launakjara ítrekuð.

### III.

Samkvæmt lögum nr. 86/2003 um Íslenskar orkurannsóknir er ÍSOR sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Hlutverk ÍSOR er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður. ÍSOR starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði sínu. Að fengnu samþykki ráðherra er ÍSOR heimilt að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn ÍSOR til fjögurra ára. Hún hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og samþykkir fjárhagsáætlun hennar og starfsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal send ráðherra til staðfestingar. Forstjóri ÍSOR er ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Hann ræður annað starfsfólk og ákveður starfssvið þess. Hann hefur á hendi daglega stjórn ÍSOR og umsjón með rekstri.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki

þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstjóra ÍSOR en kjaranefnd ákvað honum laun 4. nóvember 2003. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Þær breytingar sem orðið hafa á umsvifum og starfsemi ÍSOR síðan forstjóra voru ákveðin laun gefa tilefni til breytinga á launum hans.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra ÍSOR skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. október 2011 skulu mánaðarlaun forstjóra Íslenskra orkurannsókna vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, krónur 739.746 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 765.638 frá 1. mars 2012. Að auki skal greiða honum 23 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, krónur 6.473 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Íslenskra orkurannsókna gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson